



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda og fjölda umsókna
um þjónustu til Barnaverndarstofu árin
2008 og 2009

Mars 2010

Fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir árin 2008-2009. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2008 og 2009.

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði milli árana 2008 og 2009 úr 8.201 í 9.299. Fjölgunin milli ára er rúmlega 13%. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu er 17%, en 6% á landsbyggðinni.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 52,1% allra tilkynninga árið 2008, en 46,4% árið 2009. Alls voru 28,7% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum árið 2008, en 34,7% árið 2009. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 18,6% bæði árin og 0,4% tilkynninga var vegna þess að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Á árinu 2009 voru 806 tilkynningar þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu. Það er tæplega 9% af heildarfjölda tilkynninga. Í tilkynningum um ofbeldi kom fram að í 281 tilviki var um heimilisofbeldi að ræða, eða 3% af heildarfjölda tilkynninga til nefndanna. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 55,1% árið 2008, en lækkaði í 49,7 árið 2009.

Tilkynnt var um 6.900 börn árið 2008, en sambærileg tala fyrir árið 2009 var 7.682. Tilkynnt var því um rúmlega 11% fleiri börn árið 2009 en 2008.

Umsóknum um meðferðarheimili hefur fjölgað milli ára. Umsóknir voru 132 árið 2008 en fjölgaði í 166 árið 2009. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 76,5% umsókna, en 23,5% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Umsóknum um meðferð hefur fækkað frá nefndum á landsbyggðinni, en fjölgað frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur miðað við árið 2008. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur og var meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir 15,4 ár árið 2009.

Árið 2009 voru 263 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en vistunardagar voru samtals 1.550. Árið 2008 var ekki hægt að fullnýta neyðarvistun vegna bruna sem þar hafði átt sér stað. Raunhæfast er því að bera saman við árið 2007, en það ár var fjöldi vistana 182, en vistunardagar 1.078. Vistunardögum fjölgaði því um 44% og vistunum um 45% fyrir umrætt tímabil. Fjöldi einstaklinga árið 2009 voru 114, en 93 einstaklingar árið 2007.

Vistanir hafa því aukist um 45% og vistunardagar um 44% fyrir umrætt tímabil. Fjöldi vistana og fjöldi vistunardaga árið 2009 er því nokkru meiri en áður hefur verið mest í neyðarvistun.

Alls bárust 56 umsóknir um MST árið 2009. Rúmlega 64% barnanna sem sótt var um fyrir voru drengir og meðalaldur barnanna var 14,4 ár.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 106 í 110 á umræddu tímabili. Fjölgunin stafar fyrst og fremst af fleiri umsóknum um tímabundið fóstur. Drengir voru í meirihluta þeirra barna sem sótt var um fóstur fyrir og var meðalaldur barnanna árið 2009 12 ára.

Umsóknum fólks sem óskar eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði úr 64 árið 2008 í 67 árið 2009.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.814	46,5	4.326	46,5
Seltjarnarnes	80	1,0	81	0,9
Kópavogur	630	7,7	766	8,2
Garðabær	120	1,5	158	1,7
Hafnarfjörður	535	6,5	690	7,4
Álftanes	53	0,6	97	1,0
Reykjanesbær	585	7,1	612	6,6
Grindavík	56	0,7	112	1,2
Sandgerði	220	2,7	236	2,5
Mosfellsbær	296	3,6	350	3,8
Akranes	164	2,0	149	1,6
Borgarfjarðar og Dala	26	0,3	58	0,6
Snæfellinga	41	0,5	43	0,5
Norðanverðir Vestfirðir	186	2,3	139	1,5
Vesturbyggð og Tálknafjörður	21	0,3	16	0,2
Húnaþing vestra	16	0,2	31	0,3
A-Hún	18	0,2	30	0,3
Skagafjörður	34	0,4	67	0,7
Útey	86	1,0	85	0,9
Eyjafjörður	329	4,0	413	4,4
Grimsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	87	1,1	138	1,5
Fljótsdalshérað	92	1,1	78	0,8
Fjarðabyggð	102	1,2	66	0,7
Hornafjörður	34	0,4	39	0,4
Árborg	160	2,0	172	1,8
Uppsveitir Árnassýslu	50	0,6	42	0,5
Hveragerði	29	0,4	49	0,5
Ölfus	14	0,2	8	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	65	0,8	50	0,5
Vestmannaeyjar	258	3,1	198	2,1
Samtals	8.201	100,0	9.299	100,0

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	5.528	67,4	6.468	69,6
Landsbyggð	2.673	32,6	2.831	30,4
Samtals	8.201	100,0	9.299	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.

Fjöldi barna sem tilkynnt er um*

Barnaverndarnefnd	2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.924	42,4	3.267	42,5
Seltjarnarnes	65	0,9	70	0,9
Kópavogur	545	7,9	656	8,5
Garðabær	115	1,7	147	1,9
Hafnarfjörður	483	7,0	599	7,8
Álftanes	44	0,6	74	1,0
Reykjanesbær	521	7,6	511	6,7
Grindavík	56	0,8	106	1,4
Sandgerði	216	3,1	232	3,0
Mosfellsbær	287	4,2	322	4,2
Akranes	147	2,1	129	1,7
Borgarfjarðar og Dala	26	0,4	57	0,7
Snæfellinga	33	0,5	40	0,5
Norðanverðir Vestfirðir	163	2,4	130	1,7
Vesturbyggð og Tálknafjörður	19	0,3	16	0,2
Húnaþing vestra	16	0,2	31	0,4
A-Hún	18	0,3	26	0,3
Skagafjörður	31	0,4	66	0,9
Útey	85	1,2	75	1,0
Eyjafjörður	287	4,2	337	4,4
Grímsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	83	1,2	129	1,7
Fljótshálsa	88	1,3	72	0,9
Fjarðabyggð	101	1,5	63	0,8
Hornafjörður	32	0,5	36	0,5
Árborg	157	2,3	170	2,2
Uppsveitir Árnassýslu	47	0,7	35	0,5
Hveragerði	27	0,4	48	0,6
Ölfus	14	0,2	8	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	61	0,9	48	0,6
Vestmannaeyjar	209	3,0	182	2,4
Samtals	6.900	100,0	7.682	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt er um eftir landsvæði

Landsvæði	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	4.463	64,7	5.135	66,8
Landsbyggð	2.437	35,3	2.547	33,2
Samtals	6.900	100,0	7.682	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	3.073	44,5	3.587	46,7

*Hlutfall af fjölda barna sem tilkynnt var um

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.357	28,7	3.225	34,7
Líkamleg vanræksla	127	1,5	161	1,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.945	23,7	2.627	28,3
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu			806	8,7
Vanræksla varðandi nám	90	1,1	110	1,2
Tilfinningaleg vanræksla	265	3,2	382	4,1
Ofbeldi	1.527	18,6	1.727	18,6
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	567	6,9	768	8,3
*þar af heimilisofbeldi			281	3,0
Líkamlegt ofbeldi	493	6,0	536	5,8
Kynferðislegt ofbeldi	484	5,9	438	4,7
Áhættuhegðun	4.269	52,1	4.311	46,4
Neysla barns á vímuefnum	609	7,4	660	7,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.039	12,7	1.086	11,7
Afbrot barns	2.058	25,1	1.965	21,1
Barn beitir ofbeldi	370	4,5	399	4,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	226	2,8	247	2,7
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	48	0,6	36	0,4
Tilkynningar alls	8.201	100,0	9.299	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	90		186	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009

Tilkynnendur

Tilkynnendur	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	39	0,5	47	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	405	4,9	480	5,2
Nágrannar	538	6,6	728	7,8
Önnur barnaverndarnefnd	179	2,2	215	2,3
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	170	2,1	195	2,1
Lögregla	4.521	55,1	4.617	49,7
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	732	8,9	898	9,7
Leikskóli/gæsluforeldri	102	1,2	196	2,1
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	464	5,7	634	6,8
Foreldrar barns	675	8,2	837	9,0
Aðrir	376	4,6	452	4,9
Samtals	8.201	100,0	9.299	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	56	42,4	67	40,4
Götusmiðjan	33	25,0	60	36,1
Langtímameðferð	43	32,6	39	23,5
Samtals	132	100,0	166	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	54	40,9	73	44,0
Nágrenni Reykjavíkur*	34	25,8	54	32,5
Landsbyggð	44	33,3	39	23,5
Samtals	132	100,0	166	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	70	53,0	92	55,4
Stúlkur	62	47,0	74	44,6
Samtals	132	100,0	166	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	2008	2009
Meðalaldur barna	15,6	15,4

Umsóknir um MST

Alls bárust 19 umsóknir frá hausti 2008, en MST-teymið hóf störf í nóvember það ár.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	8	42,1	25	44,6
Aðrir	11	57,9	31	55,4
Samtals	19	100,0	56	100,0

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	13	68,4	36	64,3
Stúlkur	6	31,6	20	35,7
Samtals	19	100,0	56	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	2008	2009
Meðalaldur barna	14,2	14,4

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	72	67,9	86	78,2
Varanlegt	18	17,0	6	5,5
Styrkt	16	15,1	18	16,4
Samtals	106	100,0	110	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	42	39,6	53	48,2
Nágrenni Reykjavíkur*	27	25,5	28	25,5
Landsbyggð	37	34,9	29	26,4
Samtals	106	100,0	110	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	51	48,1	62	56,4
Stúlkur	55	51,9	48	43,6
Samtals	106	100,0	110	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	2008	2009
Tímabundið	11,9	12,0
Varanlegt	8,2	12,7
Styrkt	14,1	12,2
Samtals	11,6	12,0

Umsóknir um þýskt fóstur

Barnaverndarstofa er auk þess með samning við þýsku fyrirtækin Martiswerk eV Dorlar og Mut Zur Zukunft. Hvoru tveggja þessara fyrirtækja hafa heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum í fóstur. Litið er á ráðstafanir þeirra sem fullt ígildi fósturráðstöfunar.

Umsóknir um þýskt fóstur

Pýskt fóstur	2008	2009
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi	3	12

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	32	50,0	36	53,7
Vesturland	5	7,8	7	10,4
Vestfirðir	3	4,7	2	3,0
Norðurland	10	15,6	9	13,4
Austurland	5	7,8	2	3,0
Suðurland	7	10,9	8	11,9
Reykjanes	2	3,1	3	4,5
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
Samtals	64	100,0	67	100,0